



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi

Erindi nr. **B** 120/1951

komudagur 9/5 1996

Ármúla 6 · 108 Reykjavík · Ísland · ☎ 688118 · Fax 688139

Reykjavík, 9. maí 1996.

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
b.t. Guðjóns Rúnarssonar, nefndarritara
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík.

Efni: **Frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt (421. mál), fjármagnstekjur.**

Með bréfi dags. 22. apríl sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda um ofangreint frumvarp. Á fundi sínum fyrir skömmu vísaði álitsnefnd félagsins erindinu til skattanefndar FLE. Fylgir hér með greinargerð nefndarinnar.

Stjórn félagsins samþykkir fyrir sitt leyti meðfylgjandi greinargerð.

Virðingarfyllt

Félag löggiltra endurskoðenda

Tryggvi Jónsson
formaður

Skattanefnd FLE

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda,
Suðurlandsbraut 6,
108 Reykjavík.

Reykjavík, 9. maí 1996.

Efni: Umsögn um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum. Mál 421.

Nefndin hefur kannað frumvarpið, en á þeim stutta tíma, sem hún hefur haft til athugunar á málinu hefur fyrst og fremst verið hugað að hinni tæknulegu hlið málsins og hvernig hin ýmsu ákvæði frv. verða framkvæmd verði það að lögum. Á það er lögð áhersla að hér er ekki um ítarlega eða endanlega umfjöllun að ræða þar sem ekki hefur gefist tími til að skoða til hlítar þetta yfirgripsmikla og í raun flókna mál. Skal nú vikið að þeim þáttum, sem nefndin telur rétt að koma að á þessu stigi. Að lokum verður vikið að nokkrum þáttum í frumvarpi til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Skattskylda við greiðslu fjármagnstekna

Fr. gerir ráð fyrir skattlagningu fjármagnstekna við greiðslu teknanna. Þó verður söluhagnaður skattlagður á álagningarári söluárs og leiga með sama hætti óháð greiðslu söluandvirðis eða leigu. Fjármagnstekjur lögaðila eru skattskyldar á því ári sem þær myndast óháð greiðslu.

Skattur af vöxtum af bankainnstæðum verður greiðsluskyldur við færslu vaxtanna á bankareikninga, en vextir eða aðrar tekjur af skuldabréfum, sem ekki er greitt af fyrr en við innlausn, verða ekki skattskyldar fyrr en við greiðslu. Skattur af tekjum af spariskírteinum til 10 ára verður þannig ekki greiddur fyrr en að þeim tíma liðnum nema bréfin skipti um eigendur á líftímanum.

Við sölu skuldabréfa, t.d. spariskírteina, milli aðila er seljanda ætlað að gera grein fyrir tekjum af bréfinu á sínum eignarhaldstíma og eftir því sem best verður séð er aðilum, sem eiga viðskipti með slík bréf ætlað að skrá eigendaskiptin á bréfin. Innlausnaraðilanum er síðan ætlað að byggja skattheimtuna á þessari skráningu þannig að skattur yrði reiknaður af tekjum þann tíma sem síðasti eigandi átti bréfið. Hér yrði um mjög ótrausta og hægna framkvæmd að ræða svo ekki sé meira sagt.

Nefndin telur umhugsunarefni hvort ekki komi til álita að skattur verði greiddur af öllum fjármagnstekjum í megin atriðum eftir því sem tekjurnar myndast óháð greiðslu teknanna. Með því næðist jöfnuður milli mismunandi tekjuforma, ekki þyrfti að byggja á áritun um framsal á verðbréf, óvissa vegna hugsanlegra breytinga á skattalögum og jafnvel skathlutfalli yrði ekki fyrir hendi auk þess sem persónuafsláttur hvers árs gæti nýst á móti skatti. Megin hluti þeirra fjármagnstekna, sem falla til utan innlánsstofnana, er af markaðsbréfum, þannig að auðvelt ætti að vera fyrir skattgreiðanda að selja hluta af sínum bréfum til að standa undir skattgreiðslum ef á þyrfti að halda.

Ekki verður annað séð en að framteljendur verði að gera grein fyrir þeim fjármagnstekjuskatti, sem þeir hafa greitt, þ.m.t. skatti af vöxtum af bankainnstæðum, og verða innlánsstofnanir væntanlega að senda hverjum innstæðueiganda yfirlit um greiðslu skattsins eftir árið. Stafar þetta m.a. af hugsanlegri nýtingu persónuafsláttar á móti greiddum skatti.

Nefndin er ekki með sérstaka tillögu um þetta efni, en vill samt sem áður vekja athygli á þeim vandamálum sem þessari framkvæmd fylgir.

Jöfnunarhlutabréf - jöfnunarverðmæti

Skattanefndin hefur áður bent á nauðsyn þess að breyta ákvæðum skattalaga um útgáfu jöfnunarhlutabréfa og komast út úr því úrelta og illframkvæmanlega kerfi sem lengi hefur verið við lýði hér á landi. Slíkt kerfi mun ekki fyrirfinnast meðal okkar viðskiptaþjóða.

Í frv. er gert ráð fyrir að enn verði nauðsynlegt að halda við ákvæðum um útreikning á jöfnunarverðmæti hlutabréfa og þar með um mat á raunverulegu verðmæti hreinnar eignar hlutafélaga. Nefndin leggur til að stigið verði skref frá þessu kerfi og mun víkja að þessum þætti í umfjöllum um einstakar greinar frv.

Umfjöllun um einstakar greinar

Um 4. gr.:

Umfjöllun um 4. gr. í greinargerð er byggð á misskilningi. Núgildandi reglur eru ekki þriðþættar eins segir í greinargerðinni heldur tvíþættar. Við útreikning á söluhagnaði ákvarðast kaupverðið annað hvort sem samanlagt nafnverð hlutabréfanna og þeirra jöfnunarhlutabréfa sem seljandi hefur fengið úthlutað eða heimilt hefði verið að úthluta honum, eða sem upphaflegt kaupverð þeirra þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli.

Það er ekki rétt sem segir „í þriðja lagi nafnverð að viðbætti áfallinni verðbreytingu samkvæmt verðbreytingarstuðli skattalaga.“ Hér ætti að standa kaupverð en ekki nafnverð. Eins ætti því að standa kaupverð en ekki nafnverð í næst síðasta málslið umfjöllunar um 4. gr.

4. gr., sem kemur í stað 2. mgr. 17. gr., er óljós þegar litið er til greinargerðarinnar og ákvæðis til bráðabirgða II. Í 4. gr. er kaupverðið aðeins nefnt, en ekki minnst á framreikning þess eða jöfnunarverðmæti. Í greinargerðinni er gert ráð fyrir framreikningi, að vísu nafnverðs eins og áður segir, með verðbreytingarstuðli. Í bráðabirgðaákvæði II er gert ráð fyrir að miða megi við jöfnunarverðmæti við útreikning á söluhagnaði og virðist þá ekki skipta máli hvenær seljandi eignaðist hin seldu hlutabréf. Þessar greinar frv. og greinargerðin eru því ekki í innbyrðis samræmi.

Nefndin leggur til að 4. gr. orðist svo:

Hagnaður af sölu hlutabréfa telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og upphaflegu kaupverði þeirra hins vegar þegar kaupverðið hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. Kaupverð hlutabréfa, sem skattaðili hefur eignast við samruna hlutafélaga skv. 56. gr., skal ákvarðast jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa er hann lét af hendi. Þegar ákveða skal hagnað af sölu hlutabréfa skal kaupverð hvers hlutabréfs teljast jafnt meðalkaupverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda.

Nú er félagi slitið án þess að um samruna félaga sé að ræða, sbr. 56. gr., og skal þá litið á það sem sölu hlutafjár í hendi eiganda og úthlutunina sem söluverð.

Nefndin leggur til að meginreglan verði sú sem greinir hér að framan þannig að söluhagnaður verði reiknaður sem mismunur á söluverði og framreiknuðu kaupverði. Í bráðabirgðaákvæði II er síðan gert ráð fyrir að þeir sem eiga hlutabréf við gildistöku þessara laga geti reiknað söluhagnað sem mismun á söluverði og framreiknuðu jöfnunarverðmæti eða framreiknuðu kaupverði, hvort sem hærra reynist. Nánar verður vikið að bráðabirgðaákvæði II hér á eftir.

Um 5. gr.:

Nefndin leggur til að 1., 2., 3. og 4. másl. b. liðs 5. gr. orðist svo:

Nú verður greiðslufall á kröfu sem vextir, sbr. 2. mgr. 8. gr., hafa verið reiknaðir af og frestast þá greiðsla skatts af slíkum vöxtum. Heimilt er að mótreikna þessa tapaða vexti við fjármagnstekjur hafi skattur þegar verið greiddur af vöxtunum. Skal það gert á því ári þegar sýnt er að krafa, sem vextir voru reiknaðir af, fæst ekki greidd og skal gera grein fyrir henni í skattframtali viðkomandi tekjuárs. Með sama hætti fer um aðrar fjármagnstekjur, sbr. 3. mgr. 67. gr.

Með þessari breytingu er vísað í hina almennu skilgreiningu vaxta í 2. mgr. 8. gr., sem nær til verðbóta affalla og gengishagnaðar auk vaxtanna, en í frv. er ekki getið um verðbætur og afföll. Í 3. másl. er orðinu skuld breytt í kröfu og í 4. másl. er tapi breytt í hagnað. Það er væntanlega hagnaðurinn sem heimilt er að mótreikna fáist söluandvirðið ekki greitt, en ekki tapið.

Um 6. gr.

Nefndin leggur til að 6. gr. orðist svo:

Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en nemur 10% af jöfnunarverðmæti hlutafjár. Arður samkvæmt þessum tölulíð er frádráttarbær frá tekjum þess árs sem hann er reiknaður af.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði II er ætlunin að frádráttarbær arður geti numið 10% af jöfnunarverðmæti, en eftir ákvörðun jöfnunarverðmætis á árunum 1997 og 1998 tekur það verðbreytingum samkvæmt 26. gr. Í 6. gr. frv. er ekki getið um jöfnunarverðmætið heldur aðeins nafnverð sem tekur verðbreytingum. Ekki er gert ráð fyrir því að nauðsynlegt sé að gefa út jöfnunarhlutabréf þótt heimildin sé fyrir hendi og er því ekki samræmi milli núverandi 6. gr. og bráðabirgðaákvæðisins.

Nefndin leggur til að viðmiðun við raunverulegt verðmæti hreinnar eignar félags verði felld út úr greininni. Útreikningur á jöfnunarverðmæti miðað við raunverulegt verðmæti hreinnar eignar í árslok 1996 er einskiptisregla, sbr. bráðabirgðaákvæði II, en síðan verði horfið frá þessari viðmiðun þannig að mat á raunverulegu verðmæti hreinnar eignar verði algjörlega fellt úr skattalögum. Hér er um óskilgreint hugtak að ræða sem valdið hefur miklum vandkvæðum við framkvæmd laganna. Hlutafélagalög takmarka síðan heimildir til greiðslu arðs eins og kunnugt er og ætti ekki að vera þörf á öðrum takmörkunum í skattalögum en 10% viðmiðun við jöfnunarverðmæti.

Tilvísun í íbúðarhús, sumarhús fólksbifreiðar o.fl. í þágu hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra er ómarkviss og til þess fallin að ýta undir tortryggni í garð atvinnulífsins. Ef fyrirtæki á íbúðarhúsnæði, sem framkvæmdastjóri hefur afnot af án endurgjalds, sem ekki er t.d. óþekkt á landsbyggðinni, eru honum reiknaðar hlunnindatekjur, sem hann gereiðir skatt af. Sama er að segja um afnot annarra eigna,

sem nefnd eru í greininni. Nefndin telur að með frv. sé verið að gefast upp við framkvæmd gildandi reglna og yrði breytingin ekki til þess fallin að treysta skattheimtu eða koma í veg fyrir sniðgöngu reglna.

Um ákvæði til bráðabirgða II

Nefndin leggur til að ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:

Á árunum 1997 og 1998 skal ákvarða jöfnunarverðmæti hlutabréfa. Hafi seljandi hlutabréfa eignast hin seldu hlutabréf fyrir gildistöku laga þessara skal það verðmæti lagt til grundvallar sem kaupverð við útreikning á söluhagnaði hlutabréfa eða upphaflegt kaupverð þegar það hefur verið hækkað eða lækkað eftir verðbreytingarstuðli samkvæmt 26. gr., sé það hærra. Um söluhagnað þeirra, sem eignast hin seldu hlutabréf fyrir gildistöku laga þessara, fer eftir ákvæum 2. mgr. 17. gr. Jöfnunarverðmætið skal einnig lagt til grundvallar í stað nafnverðs við úthlutun á arði skv. 8. tölul. 31. gr. Jöfnunarverðmætið tekur verðbreytingum samkvæmt 26. gr. í fyrsta sinn á árinu 1998.

Jöfnunarverðmæti hlutabréfa í félagi skal vera nafnverð hlutabréfanna að viðbætti þeirri fjárhæð sem heimilt hefði verið að gefa út af jöfnunarhlutabréfum samkvæmt þeim reglum sem um það giltu í árslok 1996. Gera skal grein fyrir útreikningi jöfnunarverðmætis með framtalsskilum á árinu 1998 eða 1999, vegna tekna á árinu 1997 og 1998, og eigna í lok þeirra ára. Ríkisskattstjóri skal staðfesta útreikninginn.

Jöfnunarverðmæti samkvæmt þessu ákvæði skal árlega tilgreina á skattframtali hlutafélagsins og á hlutafjármiðum.

Hafi hlutafélag ekki gefið út jöfnunarhlutabréf eða tilgreint jöfnunarverðmæti með þeim hætti sem áskilinn er eigi síðar en á framtali ársins 1999 vegna tekna og eigna ársins 1998 skal jöfnunarverðmæti við sölu bréfanna vera nafnverð hlutabréfanna í árslok 1996 að viðbætti hækkun á því eftir verðbreytingarstuðli samkvæmt 26. gr.

Útreikningur á söluhagnaði hlutabréfa er ekki eingöngu miðaður við mismuninn á söluverði og jöfnunarverðmæti heldur kemur raunverulegt kaupverð alltaf til skoðunar í þessu sambandi. Í 1. mgr. frv. er ekki getið um kaupverð og mætti ætla að miða ætti eingöngu við jöfnunarverðmætið við ákvörðun kaupverðs. Nefndin leggur til að gerður verði greinarmunur á útreikningi söluhagnaðar hjá þeim sem eiga hlutabréf við gildistöku laganna og hinna sem eignast þau síðar. Þeir fyrr nefndu halda þannig þeim rétti sem þeir hafa samkvæmt gildandi lögum um útreikning á söluhagnaði, en síðan verði eingöngu miðað við mismun á söluverði og framreiknuðu kaupverði. Með þessum hætti minnkar vægi jöfnunarverðsaðferðarinnar og hverfur með tímanum.

2. mgr. ákvæðisins er órókrétt. Það er nafnverð í árslok 1996, sem verður grunnur að útreikningi jöfnunarverðmætis, en útgáfa jöfnunarhlutabréfa fyrir þann tíma kemur ekki til skoðunar í þessu sambandi. Málsgreinin á því að falla niður, en tillaga nefndarinnar um skilgreiningu á jöfnunarverðmæti er í 2. mgr. að framan.

Þar sem vísitala jöfnunarhlutabréfa verður ekki reiknuð frekar út eftir gildistöku laga þessara er eðlilegra að miða við verðbreytingarstuðul 26. gr. í 6. mgr. frv., sem að tillögu nefndarinnar verður 4. mgr.

Aðrar ábendingar vegna frumvarps um tekju- og eignarskatt

Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að fresta og dreifa skattlagningu söluhagnaðar að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þar sem um fjármagnstekjur er að ræða eftir

skilgreiningu frumvarpsins, þarf að taka af tvímæli um það með hvaða hætti fara á með hinn frestaða söluhagnað eftir gildistöku þessara nýju reglna.

Í gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt er víða ákvæði um hlutabréf. Setja þarf ákvæði í lögin um að þegar rætt er um hlutabréf sé einnig átt við hluti í einkahlutafélögum, en eins og kunnugt er þarf ekki að gefa út hlutabréf í einkahlutafélögum samkvæmt lögum um þau.

Frumvarp til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Mál nr. 422.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að skilaskyldir aðilar séu m.a. lögmenn, löggiltir endurskoðendur og aðrir fjárvörsluaðilar.

Það hljómar einkennilega að telja löggilta endurskoðendur hér upp, en þeir hafa almennt ekki atvinnu af fjárvörslu. Í þeim undantekningartilvikum sem um slíkt getur verið að ræða væri eðlilegra að fella þá undir almennu skilgreininguna og fella starfsheitið út úr upptalningunni.

Um 4. gr.

Til skattstofns eru í 5. tl. taldar hvers kyns tekjur af lífeyristryggingum, söfnunartryggingum, einstaklinga hjá tryggingafélögum. Í upphafsmálgrein þessarar greinar segir að vaxtatekjur til staðgreiðslu teljist vextir og afföll sbr. 8. gr. laga 75/1981, en þar (skv. fyrirliggjandi frumvarpi 5. tl. 1. gr.) er gert ráð fyrir að vextir og önnur ávöxtun af lífeyristryggingum skuli teljast til tekna þegar slíkar tekjur falla til, nema tryggingarnar verði skattlagðar sem tekjur skv. öðrum ákvæðum laga 75/1981. Hér þarf að skerpa á orðalagi, eða fella umrædda grein út, þannig að ekki myndist skattskylda á áfallnar tekjur áður en þær verða greiðslukræfar.

Um 5. gr.

Í 3. tl. er gert ráð fyrir að aðili sem tekur að sér lífeyristryggingar ofl. skuli gera skil á greiðslu skatts af tekjum af tryggingunum. Algengt er að erlend félög annist tryggingar sem þessar hér á landi og þarf að leiða hugann að samkeppnisstöðu innlendra félaga gagnvart hinum erlendu. Leggur nefndin til að þessi töluliður falli niður og einstakir tryggingatakar geri grein fyrir þessum tekjum á framtali.

Í 5. tl. er ákvæði sem nefndin telur að muni reynast erfitt í framkvæmd og fyrirhafnarsamt, einkum hjá aðilum með óverulegar eignir. Vakin er athygli á því að á flest markaðsverðbréf reiknast vaxtavextir, þ.e. vextir eru lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, þannig að skattstofninn er þessu hærri miðað við þau bréf sem greiða árlega út vexti.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. er gert ráð fyrir því að greiðslur gangi fyrst upp í vexti ef kröfur eru greiddar að hluta. Einstaklingar utan atvinnurekstrar hafa ekki rétt til frádráttar vegna taps á kröfum eins og þeir sem atvinnurekstur stunda. Fá einstaklingur greiddan hluta af kröfu getur hann orðið fyrir verulegu tapi, en um leið greitt fjármagnstekjuskatt af vöxtum af kröfunni. Þetta telur nefndin óréttmætt og veldur mismunun og leggur nefndin til að reglunni verði snúið við þannig að fáist einungis hluti af áskilinni afborgun kröfu greiddur skal við það miðað að höfuðstóll sé fyrst greiddur.

Eins og áður segir hefur verið fjallað hér fyrst og fremst um tæknilega þætti þessa máls, þætti sem nefndin telur nauðsynlegt að lagfæra. Hins vegar telur nefndin að málið þurfi mun ýtarlegri athugunar við því fjölmargar spurningar hafa vaknað sem varða framkvæmdina.

Virðingarfyllst,

Skattanefnd FLE

Ólafur Þórsson
Ární Tómasson *Valdísar Guðmunds*